



## Starfsáætlun 2025

### Inngangsorð

Norðurlandaráð ungmenna (UNR) eru samtök pólitískra ungliðasamtaka og óháðra ungmennasamtaka á Norðurlöndum. UNR býður upp á vettvang þar sem ungt fólk kemur saman og skiptist á hugmyndum og sýn um framtíð Norðurlanda. UNR er fastur þáttur í norrænum ákvarðanatökum í Norðurlandaráði, með áheyrnarrétt, málfrelsi og tillögurétt, bæði á nefndarfundum og þingum Norðurlandaráðs. Við erum málsvarar ungs fólks í norrænu samstarfi.

Aðild að ráðinu eiga ungliðasamtök stjórnmalaflokka á Norðurlöndum. Skipting atkvæða er í sama hlutfalli og skipting atkvæða móðursamtaka þeirra í Norðurlandaráði. Óháð ungmennasamtök eru áheyrnarfulltrúar í ráðinu með áheyrnarrétt, málfrelsi og tillögurétt á þinginu. Á þennan hátt tryggjum við fulltrúa breiðs hóps ungs fólks á Norðurlöndum og sýn þeirra á framtíð Norðurlanda.

Þingið kys árlega stjórn sem stýrir starfinu milli þinga. Stjórnin tekur þátt í fundum og verkefnum fulltrúa Norðurlandaráðs með það fyrir augum að greiða fyrir ályktunum sem samþykktar eru á þinginu og greina nánar frá þátttöku fulltrúa ungs fólks í norrænum ákvarðanatökum.

Á næsta ári verður unnið að því að efla samtökin með því að efla skrifstofuna, veita kjörnum fulltrúum meiri aðstoð og þróa samskipta- og upplýsingastarfið til að koma betur til móts við þarfir ólíkra markhópa. Einnig verður haldið áfram að veita kjörnum fulltrúum fræðslu um viðfangsefni þeirra og auka vitund um ákvarðanatökufrelsi í norrænu samstarfi.

### Starfsemi

#### Skipulag

Samtökin eru þróuð til að mæta betur þörfum vegna aukins áhuga ungs fólks á að taka þátt í norrænu samstarfi. Fjárhagurinn þróast með breiðari fjármögnun og breyttri verkaskiptingu á skrifstofunni. Samstarf við skrifstofu Norðurlandaráðs verður eftl með reglulegum fundum.

#### Stjórn

Stjórnin heldur staðfundir í tengslum við nefndarfundir og þing Norðurlandaráðs. Stjórnin fær fræðslu um viðfangsefni sín og norrænt samstarf. Fræðslan fer fram í samstarfi við Norðurlandaráð þar sem boðið er upp á fundir með ýmsum ábyrgðaraðilum. Stjórnin eykur samskipti við aðildarsamtökin með fundum milli þinga. Ályktunum sem beint er til Norðurlandaráðs er fylgt eftir í afgreiðsluferlinu og upplýsingar um ákvarðanir Norðurlandaráðs eru sendar aðildar- og áheyrnarsamtökunum.

#### Samstarf

Samstarf við aðildar- og áheyrnarsamtök er þróað til að auka skilning á starfsemi ráðsins. Kjörnir fulltrúar og fulltrúar aðildarsamtaka funda á milli þinga til að kortleggja samskiptaleiðir og -form sem mæta þörfum aðildarsamtakanna. Fundir eru haldnir með staðbundnum aðildarsamtökum. Fundirnir gefa aðildarsamtökunum kost á að hitta fulltrúa ráðsins og heyra nánar um það sem unnið er að og eins fær ráðið tækifæri til að kynna sér pólitísk málafni sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir viðkomandi land eða svæði.

#### Fulltrúaskyldur

Verkefnum fulltrúa hefur fjölgað og aðstoð skrifstofunnar krefst aukins fjármagns. Forsetum býðst greiðsla fyrir tíma sem þeir verja til verkefna sem þeir sinna fyrir hönd ráðsins. Þessi verkefni geta verið fjárhagslega íþyngjandi og komið í veg fyrir þátttöku þeirra.

#### Samskipta- og upplýsingastarf

Stefna í samskipta- og upplýsingastarfi ráðsins er þróuð í samstarfi við aðildar- og áheyrnarsamtökin, með það fyrir augum að það verði markvisst og ná til réttra markhópa. Við miðlum upplýsingum um störf og árangur



ráðsins og það sem er efst á baugi varðandi ungt fólk í Norðurlöndum. Vefur ráðsins er uppfærður en meiri háttar breytingar á uppbyggingu hans byggjast á endurgjöf.

## Mælingar

Við mælum þróun starfseminnar árlega. Meðal þess sem við fylgjumst með er:

- Þing
  - Fjöldi þátttakenda á þinginu
  - Fjöldi samtaka sem taka þátt í þinginu
  - Fjöldi ályktana sem eru lagðar fyrir þingið
  - Mat á þinginu
- Stjórn
  - Fjöldi þátttakenda á stjórnarfundum
  - Þátttaka á fundum, nefndarfundum og þingum Norðurlandaráðs
  - Fjöldi ályktana sem samþykktar eru í Norðurlandaráði
  - Fjöldi verkefna fulltrúa
- Samskipta- og upplýsingastarf
  - Fjöldi heimsóknna á vefinn
  - Fjöldi virkra fylgjenda á samfélagsmiðlum
  - Fjöldi greina um UNR í öðrum fjölmiðlum